

til Skúla Thoroddsen 5 kr. og málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirrjettarmálaflutningsmannanna Hannesar Thorsteinson og Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 14/1895:

Rjettvísing
gegn
Pálma Björnssyni.

Dómur:

Með eigin játningu og öðrum skýrslum í málinu er það löglega sannað, að ákærði Pálmi Björnsson snemma í marzmánuði 1894 tók ófrjálsri hendi hey í poka frá vinnumanni sínum Guðmundi Þorlákssyni. Það hefur ekki sannast, hve mikið heyið var, en undirdómarinn ætlar það hafa verið 30—40 aura virði.

Í annan stað hefur ákærði játað á sig, að hann haustið 1893 hafi tekið ómerkingslamb, sem kom saman við fje hans, slátrað því og hagnýtt sjer. Lamb þetta kom fyrir í Kolbeinsdalsrjett þá um haustið; vildi ákærði eiga ómerkinginn sem afrjettarbóndi, en rjettarstjóri, Magnús Ásgrímsson, sinnti ekki kröfu ákærða, heldur seldi hann lambið opinberlega fyrir 3 kr. 5 aura, og skyldi andvirði þess renna í sveitarsjóð samkvæmt ákvæðum fjallskilareglugjörðar sýslunnar. Þrátt fyrir

Þessa sölu, sem ákærða var kunn, tók hann lambið, eins og áður er sagt, og slátraði því og lagði síðan launung á.

Þessi afbrot ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, hefur hjeradsdómarinn með rjettu heimfært, hið fyrra undir 230. gr. og hið síðara undir 250. gr. almennra hegningarlaga, og með því hegningin¹ virðist hæfilega metin og yfirdómurinn einnig fellst á ákvæði hjeradsdómsins um málskostnað og varnarlaun, ber að staðfesta dóminn í heild sinni. Svo ber ákærða og að greiða kostnað þann, sem leitt hefur af áfrýjun málsins, þar með talin málflytningu- og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeradi hefur verið vitalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Ákærði, Pálmi Björnsson, greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu- og svaramanns við yfirdóminn, málaflutningsmanns Eggerts Briem og cand. juris Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægjaað viðlagðri aðför að lögum.

1) Í undirdóminum er kveðinn var upp í aukarjetti Skagafjardarsýslu 30. apríl 1894, var ákærði dæmdur í fangelsi við vatn og brauð í 2 × 5 daga og til að greiða allan málskostnað, þar á meðal 6 kr. til svaramanns síns í hjeradi, oddvita Jóns Sigurðssonar á Skúfstöðum.